



Skrifstofa Alþingis, nefndarsvið
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 14. nóvember 2019

Tilvísun ÞÍ: 2019101817/2.0

Efni: Umsögn Þjóðskrár Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100/1952, með síðari breytingum (biðtími vegna refsinga o.fl.), 252. mál

Þjóðskrá Íslands vísar til erindis allsherjar- og menntamálanefndar, dags. 24. október sl., þar sem frumvarp til laga um breytingu á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100/1952, með síðari breytingum (biðtími vegna refsinga o.fl.), 252. mál, var sent stofnuninni til umsagnar. Athugasemdir Þjóðskrár Íslands fara hér á eftir.

Samkvæmt 5. gr. frumvarpsins er lagt til að endurvakið verði ákvæði sem tvívegis hefur verið til bráðabirgða í lögum um íslenskan ríkisborgararétt, þ.e. heimild til að endurveita íslenskan ríkisborgararétt þeim sem misstu íslenskt ríkisfang sitt við það að sækja um annað ríkisfang.

Þjóðskrá Íslands tekur því fagnandi að framangreint ákvæði komi inn í löginn án tiltekins gildistíma en telur þó rétt á benda á þau vandamál sem stofnunin stendur frammi fyrir varðandi þá einstaklinga sem sóttu um annað ríkisfang fyrir árið 2003 og misstu þá samhliða því hið íslenska ríkisfang.

Mál þessi varða einungis þá íslensku ríkisborgara sem fengu, samkvæmt umsókn sinni, erlent ríkisfang fyrir 2003. Í mörgum tilfellum var það svo að þegar íslenskur ríkisborgari fékk erlent ríkisfang barst þjóðskrá engin tilkynning eða upplýsingar um málið enda engin skýr krafa í íslenskum lögum um að einstaklingur skuli tilkynna um veitingu erlends ríkisfangs. eru þannig margir einstaklingar í þjóðskrá, sem fengið hafa annað ríkisfang samkvæmt beiðni sinni, fyrir árið 2003, enn skráðir með íslenskan ríkisborgararétt í þjóðskrá þar sem engar tilkynningar eða upplýsingar hafa borist í þjóðskrá um hið erlenda ríkisfang. Þessir einstaklingar fá, enn í dag, útgefin íslensk vegabréf og kjósa á þeim grundvelli að þeir séu íslenskir ríkisborgarar þegar staðreyndin er hins vegar sú að þeir hafa misst íslenskt ríkisfang sitt.

Reglulega koma upp tilfelli þar sem einstaklingar sem leita til stofnunarinnar, t.d. til að endurnýja vegabréf, fá útgefin vottorð o.s.frv., og kemur í ljós við meðferð málsins að viðkomandi hafði fengið erlent ríkisfang fyrir 2003 og þar með samhliða misst íslenskt ríkisfang sitt. Í mörgum tilfellum eru þessi einstaklingar ekki meðvitaðir um að þeir hafi í raun ekki íslenskt ríkisfang og veitir Þjóðskrá Ísland þá viðkomandi leiðbeiningar um hvaða ráðstafanir hann getur gripið til svo að mögulegt sé að endurheimta hið íslenska ríkisfang. Í gegnum árin hafa hins vegar komið upp tilfelli



Þar sem engin leið var fær fyrir viðkomandi til að endurheimta ríkisfangið, þ.e. þegar bráðabirgðaákvæði um endurveitingu íslensks ríkisfangs voru ekki í gildi, líkt og raunin er í dag.

Þjóðskrá Íslands hefur enga leið til að finna út hversu margir einstaklingar eru ranglega skráðir með íslenskt ríkisfang í þjóðskrá en að öllum líkindum er það þó nokkur fjöldi. Þótt að sú breyting sem frumvarp þetta mælir fyrir muni auðvelda þeim einstaklingum sem misst hafa íslenskt ríkisfang sitt að endurheimta það þá mun breytingin ekki leysa þann vanda sem Þjóðskrá Íslands stendur frammi fyrir vegna rangra upplýsinga um íslenskt ríkisfang einstaklinga í þjóðskrá.

F.h. Þjóðskrár Íslands

Inga Helga Sveinsdóttir

lögfræðingur